

82 þeirrar skoðunar að súr kirsuberjasafi verði eigi talinn með drykkjum, og þá 11. júlí eigi með áfengum drykkjum. Að hann hafi eigi verið talinn hingað til með áfengum drykkjum, þótt nokkurt áfengi sje í vökva þessum, sjest bezt á því, að hann aldrei hefir verið tollaður, enda verður þessi vörutegund ekki að skoðun stjórnarráðsins heimfærð undir neitt ákvæði í hinum nügildandi tollögum, og sjerstaklega virðist hún eigi verða heimfærð undir »önnur vínföng«, en í lögum nr. 26 frá 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja virðist »áfengir drykkir« svara alveg til »vínföng« í toll-lögunum. Stjórnarráðið verður því að vera þeirrar skoðunar, að lagaheimild vanti bæði til að tolla súran kirsuberjasafa, þótt eitthvert áfengi sje í honum, og til þess að banna að selja hann án áfengissöluleyfis, ef áfengi er ekki meira í honum en venjulegt er við framleiðslu þeirrar vörutegundar, o: ef ekki er sett áfengi í hann í þeim tilgangi að gjöra hann að áfengum drykk. Annars getur sýslumaður, ef honum sýnist, fengið úrskurð dómstólanna um spurningu þessa, svo framarlega sem hinn umtalaði vökvi hefir verið seldur, eða verður seldur í lögsagnarumdæmi hans af öðrum en þeim, er leyfi hefir til að selja áfenga drykki.

83 Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi um að prestar 16. júlí skulu leystir frá að semja árlega skýrslur um holdsveika menn. Þjer hafið, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 30. maí þ. á., lagt það til, að prestar landsins verði framvægis leystir frá þeirri skyldu, sem hingað til hefir á þeim hvílt, að safna og semja árlegar skýrslur um holdsveika menn og um andvana fædd börn, og að þessi störf verði lögð á hjeraðslækna, þar sem það virðist vel framkvæmanlegt fyrir lækna eptir því sem skipun læknahjeraða sje nú komið, en störf þessi sjeu aptur mjög sundurleit köllunarverki prestanna.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar, að stjórnarráðið vill leysa presta frá skyldu þeirra til að gefa skýrslur um holdsveika menn, en aptur á móti þykir eigi ástæða til þess að leysa þá undan skyldunni til að semja skýrslur um andvana fædd börn, sem þeir því framvægis skulu semja einsog að undanförunu.

84 Brjef stjórnarráðsins til framkvæmdarstjórnar Íslands banka um 16. júlí hlunnindi handa sparisjóðsdeildum bankans.

Eptirað stjórnarráðinu hefur borizt brjef hinnar heiðruðu framkvæmdarstjórnar, dags. 15. þ. m., veitir það hjer með sparisjóðsdeildum Íslands banka um 5 ár frá 1. ágúst næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum að farið sje eptir reglugjörð þeirri fyrir sparisjóðsdeildirnar, er framkvæmdarstjórnin hefir gefið út 15. þ. m. og sent hingað með nefndu brjefi sínu